

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 9. febrúar 2016
UST201601-120/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Ásbyrgi


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði í Ásbyrgi í Vatnajökulsþjóðgarði.


Í ofangreindri lýsingu kemur fram að Vatnajökulsþjóðgarður áætla að gera deiliskipulag af þjónustusvæði þjóðgarðsins í Ásbyrgi, Áslandi, Ás og innri hluta Ásbyrgis. Einnig kemur fram í lýsingu að markmið áætlaðs deiliskipulags er hafa stórt og rúmgott þjónustusvæði við eina af meginaðkomum að norðursvæði þjóðgarðsins þar sem bæði getur rúmast þjónusta á vegum þjóðgarðs og einkaaðila. Að hafa vel skilgreint þjónustusvæði í mynni Ásbyrgis sem tengir saman þjóðgarð og samfélag.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um þjónustusvæði í mynni Ásbyrgis og bendir á mikilvægi þess að mannvirki skyggi ekki að neinu leyti á náttúruminjar og rýri ekki verndargildi svæðisins. Einnig telur stofnunin mikilvægt að bílastæði séu eins og kostur er áætluð í mynni Ásbyrgis. Stofnunin tekur einnig undir er fram kemur í lýsingu að gert er ráð fyrir að hótél verði norðan þjóðveggar og að mannvirki verði vönduð og metnaður lagður í allan frágang umhverfis. Stofnunin minnir einnig á metnaðarfulla skilmála er gilda um þjónustueiningar innan Vatnajökulsþjóðgarðs skv. stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stofnunin minnir á að lög nr. 60/2013 um náttúruvernd hafa tekið gildi.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri